

Viðskiptaafgangur var 22,1 ma.kr. á fjórða ársfjórðungi 2020 – hrein staða við útlönd jákvæð um 1.039 ma.kr.

Á fjórða ársfjórðungi 2020 var 22,1 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði við útlönd samanborið við 2,9 ma.kr. ársfjórðunginn á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 15,5 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 26,4 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 18,3 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 7,1 ma.kr. halla (sjá töflu 1).

Þetta kemur fram í upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fjórða ársfjórðungi 2020 og erlenda stöðu þjórðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2019/4</u>	<u>2020/1</u>	<u>2020/2</u>	<u>2020/3</u>	<u>2020/4</u>
Viðskiptajöfnuður	52,7	11,9	-6,0	2,9	22,1
Vöruskiptajöfnuður	-17,1	-23,3	-19,5	-32,0	-15,5
Þjónustujöfnuður	61,5	22,4	2,5	21,5	26,4
Jöfnuður frumþáttatekna	10,5	19,9	17,5	14,4	18,3
Rekstrarframlög, nettó	-2,2	-7,1	-6,5	-1,0	-7,1
Jöfnuður fjárframlaga	-0,6	-0,6	-0,5	-0,4	-0,9
Fjármagnsjöfnuður	53,0	32,2	24,7	29,0	76,6
Bein fjárfesting	36,3	27,4	24,7	8,3	12,0
Verðbréf	82,3	-22,9	-35,2	68,3	109,7
Afleiður	0,3	2,0	6,6	-2,1	-2,7
Önnur fjárfesting	-71,4	12,9	-45,3	17,5	9,8
Gjaldeyrisforði	5,5	12,8	73,9	-63,0	-52,2
Skekkiur og vantalið, nettó	1,0	20,9	31,2	26,5	55,4

Viðskiptaafgangur var 30,6 ma.kr. minni en á sama ársfjórðungi árið 2019. Það skýrist aðallega af mun óhagstæðari þjónustuviðskiptum² um sem nemur 35,1 ma.kr. Munar þar mest um umtalsvert minna verðmæti útfluttrar þjónustu eða sem nemur 69,9 ma.kr. Innflutt þjónusta

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjórðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á www.seðlabanki.is

² [Sjá á vef Hagstofunnar.](#)

minnkaði um 34,7 ma.kr. Vöruviðskipti voru hagstæðari um sem nemur 1,6 ma.kr. Frumþáttatekjur voru 7,8 ma.kr. hagstæðari en þar munaði mest um neikvæða endurfjárfestingu innlendra fyrirtækja í erlendri eigu. Halli rekstrarframlaga jókst um 4,9 ma.kr.

Viðskiptaafgangur fyrir árið 2020 í heild nam 30,9 ma.kr. samanborið við 193,9 ma.kr. fyrir árið á undan. Halli á vöruskiptajöfnuði var 90,3 ma.kr. en afgangur á þjónustujöfnuði var 72,8 ma.kr. Frumþáttatekjur skiluðu 70,1 ma.kr. afgangi en rekstrarframlög 21,8 ma.kr. halla.

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.039 ma.kr. eða 35,3% af vergri landsframleiðslu (VLF) og batnaði um 83 ma.kr. eða 2,8% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.441 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.402 ma.kr. Hrein fjármagnsviðskipti bættu erlenda stöðu þjóðarbúsins um 77 ma.kr. á fjórðungnum en erlendar eignir minnkuðu um 13 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta og skuldir um 90 ma.kr. Virði eigna lækkaði á ársfjórðungnum um 58 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga og skuldir um 47 ma.kr. Í heildina leiddu gengis- og verðbreytingar til 12 ma.kr. lækkunar á hreinni erlendri stöðu þjóðarbúsins. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum hækkaði um rúm 14% og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 22,4%. Gengi krónunnar hækkaði um 4% miðað við gengisskráningarvog.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2020/3	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2020/4
Erlendar eignir, alls	4.505	-13	-58	8	4.441
Bein fjárfesting	842	17	-34	6	830
Verðbréf	2.128	27	66	-1	2.221
Afleiður*	14	-8	11	0	17
Önnur fjárfesting	578	3	-27	3	557
Gjaldeyriforði	943	-52	-74	-1	817
Erlendar skuldir, alls	3.550	-90	-47	-11	3.402
Bein fjárfesting	1.142	5	-32	-28	1.087
Verðbréf	1.538	-82	17	9	1.482
Afleiður*	10	-5	-1	0	4
Önnur fjárfesting	859	-7	-30	8	830
Hrein staða þjóðarbúsins	956	77	-12	18	1.039
% af VLF	32,5%	2,6%	-0,4%	0,6%	35,3%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson hjá upplýsingatækni og gagnasöfnun Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.